

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 12. maí var haldinn 140. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:04 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga og Auróra Guðrún Friðriksdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran áheyrnafulltrúi framsóknar- og flugvallarvina, Ingibjörg Sigurpórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Opið hús fyrir Kjalnesinga og fólk í leit að alþjóðlegri vernd.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Sunnudaginn 8. maí sl. var haldið opið hús fyrir Kjalnesinga og fólk í leit á alþjóðlegri vernd sem býr á svæðinu og að mati ráðsins tóks vel til.

2. Umsóknir í forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar teknar fyrir.
2 umsóknir bárust. Heildarstyrkumsóknir 760.000kr. Heildarupphæð til úthlutunar 385.000kr.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness.

Umsókn Hópeflisfélagsins kt: 7008121700 fyrir verkefnið #Kjalarnes2030 er hafnað. Umsókn Ungmennafélags Kjalnesinga kt 7008952979 fyrir verkefnið Tómsundabúðir á Laugum í Sælingsdal er samþykkt, styrkur veittur 385.000kr.

3. Gróðursetningardagur í Barnalundinum verður miðvikudaginn 25. maí, gróðursetning fer fram kl. 10:00. Á þeim degi verður formlega tekið á móti listaverki sem staðsett er í lundinum ásamt bekk frá kvenfélaginu.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness er ánægt með dagsetninguna á þessum viðburði og hvetur fólk til að fjölmenna á þennan skemmtilega viðburð.

4. Minnisblað skipulagsfulltrúa dags. 14. apríl 2016 varðandi Hólaland lögð fyrir fundinn til kynningar.
5. Bókun Borgarráðs 28. apríl 2016 vegna Brautarholtsstígs lögð fyrir fundinn til kynningar.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness stóð í þeirri meiningu vinna við gerð göngustígs við Brautarholt væri komið að útboði og harmar auknar tafir á þessu þarfa verkefni. Ráðið hvetur til þess að ráðist verði í þessar framkvæmdir eins fljótt og auðið er þar sem umferð gangandi vegfarenda hefur stóruð á þessu svæði undanfarið ár.

6. Kynningarmál vegna viðburða og frístundatilboða.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness harmar að hverfistengdir viðburðir á vegum Reykjavíkurborgar sem ætlaðir eru börnum og fjölskyldum, s.s. sumardagurinn fyrsti séu ekki framkvæmdir á Kjalarnesi. Víða var auglýst að viðburðir færu fram í öllum hverfum borgarinnar og virðast borgaryfirvöld hafa gleymt því að Kjalarnes er hverfi

borgarinnar. Þetta er því miður ekki í fyrsta skiptið sem þetta gerist því einnig má nefna samgöngur Strætó vegna Menningarnætur sem hafa ítrekað brugðist þrátt fyrir loforð um úrbætur.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness hvetur Skóla og frístundasvið til þess að ganga úr skugga um að börnum og unglingum á Kjalarnesi standi sambærileg tómstundaúrræði til boða á vegum borgarinnar bæði yfir vetrar- og sumartímann, s.s. smíðjur, leikjanámskeið og félagsmiðstöðvastarf og eru í öðrum hverfum borgarinnar.

7. Útskrift úr gerðarbók dags. 28.04 2016 v. skilmála deiliskipulags Brautarholts lögð fyrir fundinn til kynningar.
8. Útskrift úr gerðarbók dags. 18.04 2016 v. deiliskipulags Esjumela lögð fyrir fundinn til kynningar.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness vill ítreka mikilvægi þess að ganga úr skugga um að frágangur á lóðum á því iðnaðarsvæði sem byggt er á Esjumelum nú þegar verði tryggður áður en iðnaðarsvæðið verði stækkað. Hverfisráðið vill einnig ítreka fyrri bókun sína frá fundi hverfisráðs Kjalarness 10. mars 2016 um áhyggjur sínar af aðkomu að svæðinu og hættuástandi sem kann að skapast í umferðinni á Vesturlandsvegi við Esjumela. Auk þess er umgengni á lóðinni á Esjumelum óásættanleg að mati hverfisráðs og er þar mikið fok á plasti og rusli á svæðinu. Vill hverfisráðið að lóðir á svæðinu verði hreinsaðar á kostnað lóðareigenda. Jafnframt hefur ráðið áhyggjur af frárennismálum á svæðinu sem eru í ólagi og má þar nefna læk sem rennur frá svæðinu sem er mengaður ásamt vaxandi mengun í fjörunni í Kollafirði.

Eftirfarandi bókun var gerð af áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvaða liði í aðgerðum til að auka umferðaröryggi á þjóðvegi nr. 1 á Kjalarnesi við akstursleið á Esjumelasvæðið þar sem kröpp beygja inn á afleggjarann sem liggur inn á Esjumela. Ætla má að algengur aksturshraði á þessum stað sé um 80-90 km/klst. Má vænta þess að aðkeyrslan við afleggjarann verði breikkuð nú í sumar 2016 eða aðrar ráðstafanir gerðar til að hægja verulega á umferðinni á þessum stað?

Eftirfarandi bókun var gerð af áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvað helst skortir varðandi þjónustu borgaryfirvalda gagnvart íbúum á Kjalarnesi.

9. Útskrift úr gerðarbók dags. 18.04 2016 v. deiliskipulags Saltvíkur lögð fyrir fundinn til kynningar.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness leggur áherslu á að öllum reglum varðandi frárennsli, frágang og lyktmengun verði framfylgt í Saltvík.

Fundi slitið kl. 18.24

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoéga

Auróra Guðrún Friðriksdóttir